



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

VIÐRÆÐUR FORSETA VIÐ FORYSTUMENN STJÓRNMÁLAFLOKKA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson hefur í dag, mánudaginn 31. október, átt viðræður við forystumenn allra þeirra stjórnmálaflokka sem eiga fulltrúa á nýkjörnu Alþingi. Með viðræðunum var varpað ljósi á þá stöðu sem nú hefur skapast eftir að sitjandi ríkisstjórn missti þingmeirihluta sinn.

Á morgun mun forseti ræða áfram við forystufólk flokkanna með það fyrir augum að taka afstöðu til veitingar umboðs til stjórnarmyndunar á næstu dögum.

31. október 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).